

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 17/2006

frá 27. janúar 2006

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2005 frá 30. september 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 854/2005/EB frá 11. maí 2005 um að koma á fót áætlun Bandalagsins til margra ára um að stuðla að öruggari notkun Netsins og nýrrar Nettækni ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist 1. janúar 2006.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. mgr. 2. gr. bókunar 31 við samninginn:

„– **32005 D 0854**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 854/2005/EB frá 11. maí 2005 um að koma á fót áætlun Bandalagsins til margra ára um að stuðla að öruggari notkun Netsins og nýrrar Nettækni (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. janúar 2006.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 55, og EES-viðbæti við Stjtíð. ESB nr. 66, 22.12.2005, bls. 33.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.